

**FFR**

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA  
RÍKISSTOFNANA

# **Ársskýrsla**

**FÉLAGS FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA**

**starfsárið 2006 - 2007**

**Reykjavík maí 2007**

## **I. Stjórn og stjórnarfundir**

Á aðalfundi Félags forstöðumanna ríkisstofnana sem haldinn var 23. maí 2006 voru kosin í stjórn félagsins;

Formaður:

Skúli Eggert Þórðarson, skattrannsóknarstjóri, síðar ríkisskattstjóri..

Aðrir í aðalstjórn:

Sjöfn Sigurgísladóttir forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, síðar Matís ohf.

Björn Karlsson, brunamálastjóri,

Snævar Guðmundsson, forstjóri Fasteigna ríkissjóðs.

Gísli Tryggvason talsmaður neytenda

Í varastjórn voru kosin:

Þorkell Helgason orkumálastjóri,

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður

Óli H. Þórðarson, formaður Umferðarráðs.

Endurskoðendur félagsreikninga voru kosnir:

Gestur Steinþórsson skattstjóri í Reykjavík

Júlíus S. Ólafsson forstjóri Ríkiskaupa

Endurskoðendur félagsreikninga til vara:

Þórður Ásgeirsson fiskistofustjóri

Gunnar Karlsson skattstjóri í Norðurlandsumdæmi eystra.

Stjórnin skipti verkum með þeim hætti að Sjöfn Sigurgísladóttir tók að sér störf varaformanns, Snævar Guðmundsson varð gjaldkeri, Björn Karlsson varð ritari og Gísli Tryggvason varð meðstjórnandi. Vararitari varð Margrét Hallgrímsdóttir, varagjaldkeri varð Þorkell Helgason og umsjónarmaður félagaskrár varð Óli H. Þórðarson.

Stjórnarfundir fara fram þannig að stjórn og varastjórn hittist saman og er í reynd ekki gerður neinn greinarmunur á stjórn eða varastjórn. Hefur sá háttur verið

hafður á frá upphafi félagsstarfsins. Stjórnin kom saman á starfsárinu á 10 stjórnarfundum en auk formlegra funda kom stjórnin eða hluti hennar saman við önnur tilefni auk samráðs milli einstakra stjórnarmanna um verkefni félagsins.

Félagsstjórnin ákvað félagsfundi og efni þeirra, ræddi m.a. stefnumótun og áherslur í starfi félagsins. Þá afgreiddi stjórnin erindi sem félaginu bárust. Þá voru kjaramál félagsmanna og fyrirkomulag þeirra mála nokkuð rædd á stjórnarfundum.

Hvað fundahöld varðaði var ákveðið að gefa forstöðumönnum utan félagsins svo og næstráðendum forstöðumanna, starfsmannastjórum o.fl. kost á að taka þátt í hluta félagsstarfsins með því að sækja fundi félagsins er vörðuðu málefni stjórnarsýslunnar eða rekstur stofnana.

Nokkrir fundir FFR eru þó ekki kynntir fyrir öðrum en félagsmönnum, svo sem fundir um kjara- og lífeyrismál, jólafundir og aðalfundir.

Stjórnin hélt áfram því góða samstarfi sem verið hefur undanfarin ár við Stofnun stjórnarsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands. Það samstarf hefur einkum verið fólgið í sameiginlegum fundum um stjórnarsýsluleg málefni og fræðslu fyrir forstöðumenn og starfsmenn þeirra. Með samstarfinu við Stofnun stjórnarsýslufræða hefur tekist á undanförunum árum að mynda virkan umræðuvettvang um stjórnhætti og einkenni stjórnarsýslu. Hefur það einkum verið fólgið í opnum umræðum og fræðslufundum um fjöldamörg álitafni íslenskrar stjórnarsýslu og stjórnskipunar. Um leið hefur verið horft til þess hvernig erlend ríki standa að sinni stjórnarsýslu með því að fá erlenda fyrirlesara til að taka þátt í fundum og upplýsingamiðlun hérlendis. Aðsókn að þessu starfi hefur sýnt að þar hefur verið sleginn réttur tónn. Brýnt er að því verði framhaldið á næstu árum og með því takist að efla og bæta íslenska stjórnarsýslu.

Í samræmi við 9. gr. félagslaga boðaði stjórnin til aðalfundar 2. maí 2007 með lögbundnum fyrirvara og lýkur störfum starfsársins 2006 – 2007 í dag.

## II. Fjöldi félagsmanna

Félagsmenn í FFR voru í upphafi starfsársins **213**, þ.e. 175 starfandi forstöðumenn stofnana og 38 fyrrverandi forstöðumaður. Á starfsárinu voru felldir af aðalskrá alls 22 forstöðumenn sem höfðu látið af störfum. Óvenju margir forstöðumenn létu af störfum á árinu. Vegna aldurs létu 4 forstöðumenn af störfum en starfslok forstöðumanna vegna þess að stofnanir voru lagðar niður eða sameinaðar öðrum var óvenju hátt hlutfall en alls létu 8 forstöðumenn af störfum af þeim ástæðum. Þá létu einnig óvenjumargir félagsmenn af störfum af öðrum ástæðum eða 10. Í félagið gengu á hinn bóginn **22 nýir félagsmenn. Fjöldi virkra félagsmanna er því óbreyttur en á skrá yfir fyrrverandi forstöðumenn fjölgar um 18.**


Félagatalið telur því:

**175 starfandi forstöðumenn**

**56 fyrrverandi forstöðumenn**

Alls **231 félagsmenn.**

Fjöldi félagsmanna FFR 1999 - 2006  
fyrrverandi forstöðumenn ekki meðtaldir



Lengst af voru félagsmenn í FFR vel innan við helmingur forstöðumanna stofnana. Fjölgun félagsmanna hefur verið jöfn og þétt síðasta áratuginn eða svo, þótt óvenju margir hafi gengið til liðs við félagið á undanförunum þremur starfsárum. Regluleg kynning á starfi félagsins, m.a. útsending ársskýrslu þess og fjöldaboðnum á félags- og fræðslufundi virðist þannig hafa skilað sér í auknum

fjöldi félagsmanna. Félagsmenn eru nú tvöfalt fleiri en þeir voru árið 1999 og alls eru fjórir fimmtu hluti allra forstöðumanna stofnana hér á landi félagsmenn í FFR. Hefur það hlutfall sömuleiðis ekki verið hærra en nú. Á undanförunum árum hefur stofnunum einnig fækkað nokkuð og eru ríkisstofnanir aðrar en ráðuneyti og dómstólar taldar vera 200 en voru nær 250 fyrir áratug. Tiltölulega fáir forstöðumenn ríkisstofnana eru því utan félagsins.

### **III. Félagshundir og efni þeirra**

Stjórn félagsins gekk tvívegis frá starfsáætlun til fjögurra mánaða fyrst að hausti 2006 en síðan snemma ársins 2007. Starfsáætlanir þessar voru sendar rafrænt til allra félagsmanna svo og forstöðumanna utan félagsins. Starfsáætlanir þessar stóðust að mestu leyti og þeir fundir og viðburðir sem settir voru á starfsáætlun félagsins fóru fram, með tveimur undantekningum.

Félagsharfið og dagskrá þess var þannig kynnt fyrir öllum félagshönnum reglulega á starfsárinu ekki aðeins í upphafi þess á viðburðum fram að síðustu áramótum og aftur snemma á þessu ári vegna síðari hluta starfsársins, heldur er einnig hver fundur boðaður sérstaklega með tölvupósti oftast með góðum fyrirvara. Raunar er hver boðun endurtekin nokkrum sinnum, jafnvel það oft að einstaka félagshönnum hefur þótt nóg um.

Jafnframt að kynna starfið fyrir félagshönnum var það einnig kynnt fyrir forstöðumönnum stofnana sem ekki eru félagshmenn og ýmsum öðrum lykilmönnum í stjórnsýslunni svo sem ráðuneytisstjórum, nokkrum skrifstofustjórum ráðuneyta o.fl. Var það fjórða árið í röð sem það var gert. Félagshönnum var send ársskýrsla síðasta starfsár rafrænt en auk þess eru allar starfsáætlanir og ársskýrslur á vefsíðu félagsins, [www.ffr.is](http://www.ffr.is).

Kynningin á félagshstarfinu hefur í reynd tvíþættan tilganga í fyrsta lagi að kynna efni funda og viðburða en í öðru lagi er um óbeina kynningu á félaginu og starfi þess.

Efni félagsfunda á starfsárinu var eftirfarandi:

1. **Fyrsti** félagsfundurinn var haldinn 21. september 2006. Þá kynnti **Sigurður Guðmundsson** landlæknir fyrirhuguð störf sín og Sigríðar Snæbjörnsdóttur í **Malavi**. Fundinn sóttu rúmlega 30 manns.
2. **Annar** félagsfundurinn var haldinn 6. október 2006 og var ráðstefna um hvernig **meta mætti skilvirkni opinberrar stjórnsýslu**. Fundurinn var haldinn í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ. Gestur fundarins var finnski stjórnsýslufræðingurinn **Heikki Joustie** frá finnska Fjármálaráðuneytinu. Ráðstefnuna sóttu um 110 manns.
3. **Þriðji** félagsfundurinn var haldinn 11. október 2006 en þá var gestur fundarins **Sigurður Þórðarson** ríkisendurskoðandi og fjallaði um helstu **áherslur hjá Ríkisendurskoðun** og við endurskoðun opinberra aðila. Fundinn sóttu tæplega 50 manns.
4. **Fjórti** félagsfundurinn var haldinn var 12. október 2006. Um var að ræða stofnanaheimsókn til **Flugvallarstjórans á Keflavíkflugvelli**. Gestgjafi var **Björn Ingi Knútsson** og kynnti hann starfsemi flugvallarins og sýndi völinn og þau mannvirki sem þar eru. Kynninguna sóttu 15 manns.
5. **Fimmti** félagsfundurinn var haldinn 31. október 2006 og var ráðstefna sem fjallaði um **opinber hlutafélög, tilgang og stjórnsýslu- og lagalegar afleiðingar þeirra**. Framsögumenn voru þeir **Arnar Þór Másson** sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu, **Sjöfn Sigurgísladóttir** forstjóri RF og **Páll Magnússon** útvarpsstjóri. Ráðstefnustjóri var Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri. Ráðstefnuna sóttu um 120 manns.
6. **Sjötti** félagsfundurinn var haldinn 15. nóvember 2006. Þá var félagið samstarfsaðili með Félagi stjórnsýslufræðinga að ráðstefnu um **Samskipti ráðuneyta og stofnana**. Framsögumenn voru **Gunnar Helgi Kristinsson** prófessor, **Jón Magnússon** frá Fjármálaráðuneytinu og **Rannveig Gunnarsdóttir** forstjóri Lyfjastofnunar. Ráðstefnustjóri var Björn Karlsson. Ráðstefnuna sóttu 80 manns.
7. **Sjöundi** félagsfundurinn var haldinn 23. nóvember 2006. Bar hann yfirskriftina Opinberar stofnanir í orrahríð fjölmiðla. Framsögumenn voru

- þeir **Friðrik Sophusson** forstjóri Landsvirkjunar og **Magnús Pétursson** forstjóri Landsspítalans. Þeir tóku síðan þátt í pallborðsumræðum með **Elínu Hirst** fréttastjóra Sjónvarpsins, **Gunnari Stein Pálssyni** ráðgjafa og **Berglinni Ásgeirsdóttur** sendiherra sem jafnframt var ráðstefnustjóri. Ráðstefnuna sóttu um 130 manns.
8. **Áttundi** félagsfundurinn var haldinn 1. desember 2006. Boðið var til jólahlaðborðs. Gestur fundarins var **Geir Haarde forsætisráðherra** sem flutti fundarmönnum hugvekju. Á fundinum var einnig tónlistaratriði en kór **Menntaskólans við Hamrahlíð** undir stjórn **Þorgerðar Ingólfssdóttur** söng nokkur íslensk lög. Fundarmenn voru um 80.
  9. **Níundi** félagsfundurinn var haldinn 31. janúar 2007. **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson** borgarstjóri var gestur á hádegisverðarfundum og ræddi um **Reykjavíkurborg og stjórn borgarinnar**. Fundarmenn voru rúmlega 20.
  10. **Tíundi** félagsfundurinn var haldinn 23. febrúar 2007. Yfirskrift hans var **Nútíma stjórnun stofnana í örum breytingum**. Fyrirlesari var dr. **Svafa Grönfeldt** rektor Háskólans í Reykjavík. Fundarmenn voru tæplega 50.
  11. **Ellefti** viðburður í félagsstarfinu var haldinn 7. mars 2007 og var um stjórnarsýslumál og haldinn í samstarfi við Stofnun stjórnarsýslufræða og stjórn mála við H.Í. Bar hann heitið **Helstu annmarkar við túlkun stjórnarsýslureglna og leiðir til að forðast mistök**. Fyrirlesari var **Tryggvi Gunnarsson** umboðsmaður Alþingis sem flutti þriggja klukkustunda fræðsluerindi um þetta mikilvæga málefni íslenskrar stjórnarsýslu. Fundarmenn voru rösklega 300.
  12. **Tólfti** fundurinn var 15. mars 2007 og var um **árangursmælingar í opinberum rekstri** sem haldinn var í samstarfi við Stofnun stjórnarsýslufræða og stjórn mála við HÍ. Fyrirlesarar voru **Nicholas Irving Fisher** ráðgjafi frá Ástralíu, **Arnar Þór Músson** sérfræðingur í Fjármálaráðuneytinu og **Haukur Ingibergsson** forstjóri Fasteignamats ríkisins. Fjöldi fundarmanna var 120.

13. **Prettáandi** félagsfundurinn var haldinn 30. mars 2007 og fjallaði um **ráðningar ríkisstarfsmanna, stöðu stofnanasamninga og viðbótarlauna**. Fyrirlesarar voru **Ásta Lára Leósdóttir, Guðmundur H. Guðmundsson** og **Sigurður Gils Björgvinsson** frá starfsmannaskrifstofu Fjármálaráðuneytis. Kynnt var á fundinum ný handbók um ráðningar ríkisstarfsmanna. Fundinn sóttu um 140 manns.
14. **Fjórtaandi** félagsfundurinn var ráðstefna sem haldin var 11. apríl 2007 haldin í samstarfi við Fjármálaráðuneytið, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ og Parx. Þar var kynnt **niðurstaða af könnun um starfsumhverfi ríkisstarfsmanna** sem gerð var í október og nóvember 2006. Fyrirlesarar voru **Ómar Kristmundsson** dósent við Háskóla Íslands, **Erna Einarsdóttir** starfsmannastjóri Landsspítala, **Arndís Jónsdóttir** frá Parx og **Hrund Sveinsdóttir** frá Starfsmannaskrifstofu Fjármálaráðuneytisins. Ráðstefnuna sóttu um 180 manns.
15. **Fimmtáandi** félagsfundurinn var stofnanaheimsókn til **Gljúfrasteins** sem fram fór 26. apríl 2007. Þar tók **Guðný Dóra Gestsdóttir** forstöðumaður á móti forstöðumönnum og nokkrum gestum og kynnti þeim safnið. Kynninguna sóttu 14 manns.

Með aðalfundi 2007 hefur félagið því alls haldið **16** félagsfundi og stofnanaheimsóknir frá því í september 2006. Einn fundur um störf kjararáðs féll niður og annar um stofnanasamninga. Alls tóku þátt í fundum og viðburðum félagsins rösklega 1400 manns sem er nokkur aukning frá fyrra starfsári. Á síðustu fjórum árum hafa rétt um 5.000 manns sótt fundi hjá félaginu á rúmum 60 fundum.

Almennt má um fundarsókn hjá félaginu segja að hún hafi verið afar misjöfn en í heild aukist mjög frá fyrri árum. Vitaskuld hafa fjölsóttar ráðstefnur mest að segja í þessu tilliti en einnig ákveðin málefni sem félagsmenn sækja meir en annað. Það þarf einnig að hafa í huga að stærri ráðstefnur eru sóttar af fleirum en forstöðumönnum einum. Athyglisvert er að aðsókn að fundum með stjórn málamönnum er dræm en fundir um málefni stofnana, svo sem um samningamál starfsmanna eða stjórnsýslumál eru fjölsóttir. Er því líklegt að á komandi árum verði áherslur félagsstarfsins endurskoðaðar að þessu leyti.



#### **IV. Stofnun Félags forstöðumanna ríkisstofnana og 20 ára saga félagsins**

Stofnfundur FFR var haldinn 19. nóvember 1986 og voru stofnfélagar 70 forstöðumenn ríkisstofnana. Af stofnfélögunum eru 6 þeirra enn starfandi forstöðumenn í sömu störfum og á stofnfundi félagsins en að auki eru 3 – 4 enn starfandi forstöðumenn en í öðrum störfum.

Félagið átti því 20 ára starfsafmæli á liðnum vetri. Af ýmsum ástæðum taldi stjórn félagsins ekki vera tilefni til þess að efna til sérstaks félagsfundar vegna þess en ákvað í þess stað að hafa jólafund félagsins nokkru veglegri en áður.

Í sögulegu samhengi er ástæða til að líta um öxl og velta fyrir sér hver hafi verið tilgangur félagsstofnunarinnar, tilefni og árangri af rekstri félagsins.

Í 2. gr. félagslaga segir svo:

“Tilgangur félagsins er:

- að efla kynni félagsmanna.
- að stuðla að samstarfi félagsmanna.
- að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, þar með talið kjaramálum þeirra, almennt.
- að vera tengiliður við stjórnvöld varðandi gagnkvæm málefni.
- að efla kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars.
- að stuðla að fræðslustarfi meðal félagsmanna.”

Tilgangur félagsins samkvæmt félagslögum ber það þannig skýrlega með sér að félaginu var ætlað í meginatriðum tvíþætt hlutverk. Annað þeirra að huga að þeim hagsmunum og trúnaðarstörfum sem forstöðumönnum eru falin ásamt þeim lagareglum sem þeim er ætlað að fara eftir við störf sín. Hitt er að stuðla að auknum kynnum og samstarfi félagsmanna. Hið síðarefnda hlutverk er þannig beinlínis ætlað að skapa skilyrði til þess að forstöðumenn geti sinnt starfi sínu betur með því að vera kunnugt um með hvaða hætti aðrir forstöðumenn sinna sínu starfi og hvernig aðsteðjandi vandamál séu leyst, með öðrum orðum hvernig stjórnsýsla annarra stofnana er leyst af hendi. Þannig er það undirliggjandi megintilgangur félagsins að bæta og efla stjórnsýslustörf forstöðumanna ríkisstofnana og stuðla að auknu samræmi innan íslenskrar stjórnsýslu.

Fyrsti formaður félagsins var Óli H. Þórðarson sem þá var framkvæmdastjóri Umferðarráðs. Annaðist Óli stærsta hlutann af undirbúningi að stofnun félagsins. Aðrir formenn á þessum 20 árum hafa verið Guðmundur Einarsson sem þá var framkvæmdastjóri Skipaútgerðar ríkisins, Bera Nordal forstjóri Listasafns Íslands, Sigurður E. Guðmundsson framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, Magnús Jónsson veðurstofustjóri auk núverandi formanns. Nokkur lögð varð í starfsemi félagsins á árunum 1994 – 1997 og munaði raunar litlu að félagið hætti starfsemi sinni. Nær engir félagsfundir voru haldnir á þessum árum og aðalfundir félagsins fóru ekki fram. Þeir Sigurður E. Guðmundsson og Óli H. Þórðarson gengust síðan fyrir að FFR var endurreist fyrir réttum áratug.

Á þeim 20 árum sem liðin eru frá stofnun félagsins hefur því tekist að festa sig í sessi sem virkur félagsskapur stjórnenda stofnana hins opinbera. Það skiptir miklu máli að til sé öflugt félag stjórnenda í opinberum rekstri. Staða íslenskrar stjórnarsýslu hefur þannig styrkst við störf félagsins. Það er að mörgu leyti áleitinn spurning hvernig mál hefðu skipast ef félagið hefði ekki verið stofnað, hvort að ráðuneytin hefðu orðið virkari eða jafnvel stuðlað að auknu samstarfi stofnana og forstöðumanna þeirra eða hvort að stofnanirnar hefðu orðið veikari en þær eru nú á tímum. Eðli máls samkvæmt verður þeim spurningum ekki svarað en það er umhugsunarefni að á tímabili gætti óþarfa tortryggni í garð félagsins frá vissum stjórnendum ráðuneyta. Svo virðist að á síðustu árum hafi tekist að eyða þeirri ástæðulausri tortryggni og flestir eða allir stjórnendur ráðuneyta viðurkenna gagnsemi félagsins og virka liðveislu þess að bættri stjórnun stofnana og stjórnarsýslu þeirra.

Með breyttum samskiptum fólks á síðustu árum og nýrri tegund fjölmiðlunar hefur félagsstjórn FFR rætt hvort ekki sé ástæða til fyrir félagið að taka meiri þátt í þeirri þróun og t.a.m. stofna til formlegs vettvangs fyrir forstöðumenn til að geta átt skoðanaskipti við hvorn annan. Ákvað félagsstjórnin í vetur að hefja undirbúning að rafrænu fréttabréfi FFR. Gísli Tryggvason hefur f.h. félagsstjórnar unnið að undirbúningi málsins. Í fréttabréfi FFR er ætlunin að fjalla um þau málefni fortöðumanna og ríkisstofnana sem efst eru á baugi á hverjum tíma, hvort sem það eru stjórnunarleg atriði, starfsmannamál, réttindamál forstöðumanna eða önnur mál er snerta kynnu hagsmuni félagsins. Þá er fréttabréfið hugsað til að kynna ríkisstofnanir og störf þeirra. Með útgáfu fréttabréfs FFR myndi félagsmönnum gefast tækifæri til að láta í sér heyra og bregðast til varnar ef slíkar aðstæður kæmu

upp og ef ástæða væri til. Með þeim hætti væri einnig hugsanlegt að snúa við neikvæðri umræðu um opinberan rekstur. Fréttabréfinu er ekki ætlað að vera flókið rit og ekki er æskilegt að það verði meira en ein síða við hverja útgáfu. Félagsmenn sem eiga í erfiðleikum með að takamarka ritstörf sín við fáein orð þurfa því að finna sér annan vettvang fyrir ritsmíðar sínar. Það er einnig þýðingarmikið að fréttabréf FFR verði ekki nöldurvettvangur. Ritstýring fréttabréfsins og ábyrgð á innihaldi þess eru því þýðingarmikil verkefni.

Undirbúningur málsins er langt kominn en það bíður nýrrar stjórnar að fara yfir það undirbúningsstarf sem unnið hefur verið og hrinda fyrsta tölublaði af fréttabréfi FFR úr vör.

Reglulega er ástæða til að meta stöðu Félags forstöðumanna ríkisstofnana eins og það hefur þróast á undanförunum árum. Á síðasta aðalfundi varpaði stjórnin fram nokkrum lykilspurningum. Hér skulu þær endurteknar til umhugsunar:

- FFR eru samtök 175 ríkisforstjóra af 200. Það er hátt hlutfall og því er unnt að nýta þann kraft sem þannig myndast.
- Á FFR að verða faglegt félag um stjórnarsýsluna og stöðu hennar?
- Á FFR að verða félag um rekstrarmál stofnana?
- Á FFR að verða vísir að vinnuveitendasambandi ríkisstofnana?
- Á FFR að verða félagsskapur allra helstu stjórnenda í opinberum rekstri og láta sig varða allt er snertir opinberan rekstur?
- Á FFR að vera deildaskipt – í undirdeild yrðu næstráðendur, fjármálastjórar eða skrifstofustjórar stofnana?
- Hvað á FFR ekki að vera?

Félagsstjórn FFR telur að framangreindar spurningar hljóti að vera viðfangsefni nýrrar stjórnar sem er að taka við stjórn félagsins á þessum fundi og hefur því ekki unnið frekar í að móta svör þar að lútandi. Ein mikilvæg lykilspurning hefur þó oftast komið fram: Á félagið að vera með afskipti af launa- og kjaramálum félagsmanna? Síðar í skýrslu þessari verður vikið að því atriði. Framundan eru hins vegar áframhaldandi tímar breytinga á starfi félagsins og þróun þess í samræmi við breytta þjóðfélagsmynd og nýja tækni.

## **V. Fræðslumál**

Í vetur stóð félagið í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ fyrir námskeiði í stjórnsýslurétti. Var það námskeið tæpar 50 kennslustundir og var aðalkennari Páll Hreinsson prófessor við HÍ. Þetta var námskeið bæði ætlað forstöðumönnum og öðrum sem starfa við stjórnsýslu hjá stofnunum. Færri komust á þetta námskeið en vildu og sóttu námskeiðið 40 manns, svo til eingöngu forstöðumenn og starfsmenn stofnana. Námskeið þetta var haldið í þriðja sinn á síðustu þremur starfsárum.

Á starfsárinu var á hinn bóginn ekki framhaldið stjórnendapjálfun forstöðumanna sem hófst á árinu 2004 og er það afar miður. Gott undirbúningsstarf hafði verið unnið af þeim Hauki Ingibergssyni forstjóra FMR og Sölva Sveinssyni skólameistara. Þarfir forstöðumanna til fræðslu höfðu verið greindar með ítarlegum spurningalistum og í framhaldi af því hafði verið gengið frá samstarfssamningi á milli IMG, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ, Fjármálaráðuneytisins og Félags forstöðumanna ríkisstofnana um fræðsluáætlun fyrir forstöðumenn opinberra stofnana. Námskeiðahaldið hófst svo í október 2004 og stóð yfir í um tæplega tveggja ára skeið. Starfsmenntunarsjóður forstöðumanna styrkti starfið einnig í upphafi með eingreiðslu.

Þeir sem gengið hafa í gegnum fyrirnefnt þjálfunarkerfi hafa verið ánægðir og telja að það hafi gagnast þeim vel. Þetta er einnig vettvangur fyrir forstöðumenn að kynna bæði persónulega og þeirri starfsemi stofnana sem hlutaðeigandi reka og hvaða álitamál þar kunna að vera uppi. en á því starfsári sem nú er að ljúka var öllu frekari námskeiðahaldi af þessu tagi frestað, amk. um sinn sakir dræmrar þátttöku forstöðumanna í verkefni þessu.

Fjölmargir fundir og ráðstefnur sem félagið stendur fyrir eru hluti af almennu fræðslustarfi félagsins. Má þar m.a. nefna nokkrar ráðstefnur um stjórnsýsluna sem félagið hefur staðið fyrir á undanförunum árum.

## **VI. Kjara- og lífeyrismál**

Í lögum FFR segir m.a. í 2. gr. félagslaga:

*„Tilgangur félagsins er.....að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, þar með talið kjaramálum þeirra, almenn“*

Þáttur í störfum stjórnar er því að eiga samskipti við kjararáð og áður kjaranefnd og fylgjast með þróun launa og launavísitölu.

Í upphafsorðum skýrslu þessarar var frá því greint að stjórnin hefði rætt nokkuð kjaramál félagsmanna á stjórnarfundum. Var það annað árið í röð sem sá málaflokkur var nokkuð fyrirferðamikill í stjórn félagsins. Var það í fyrsta lagi vegna breytingar á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, í öðru lagi hvort Félag forstöðumanna ríkisstofnana ætti að hafa afskipti af kjaramálum en á því eru nokkuð skiptar skoðanir innan stjórnarinnar og í þriðja lagi hvort og þá hvernig FFR ætti að láta gera könnun á launum þeirra sem kjararáð horfir til þegar laun forstöðumanna eru ákveðin.

Lög um kjararáð í stað Kjaradóms og kjaranefndar tóku gildi fyrir tæpu ári síðan en tilgangur þeirrar löggjafar var að leggja niður síðarnefndu stofnanirnar og kjararáð tæki við verkefnum þeirra. Við undirbúning að þeim breytingum gerði Félag forstöðumanna ríkisstofnana og fleiri aðilar alvarlegar athugasemdir.

Um var að ræða tvo lagafrumvörp, annað til breytinga á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd sem var lagt fram á Alþingi í janúar 2006. Tilgangur þess frumvarps var að afnema hækkun Kjaradóms og banna allar launabreytingar til ársloka 2006, bæði hjá kjaradóms- og kjaranefndarmönnum. Í kjölfarið sigldi síðan síðara lagafrumvarpið, um stofnun kjararáðs.

Mál þetta allt og hvernig til þess var stofnað var með sérstökum ólíkindum. Lögin sem bönnuðu kjarabreytingar gengu gegn öllum þeim umbótum í stjórnsýslunni sem unnið hefur verið að á undanförunum árum og er einhver ómálefnalegasta löggjöf sem Alþingi Íslendinga hefur samþykkt. Í umsögn sem FFR sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis segir um þetta í bréfi félagsins dags. 24. apríl 2006:

*“Með þeim lögum greip löggjafinn fram fyrir hendur lögskipaðrar nefndar sem var að vinna störf sín samkvæmt lögum og felldi úr gildi lögmæltar og rökstuddar ákvarðanir Kjaradóms. Jafnframt voru allar launagreiðslur til skjólstæðinga Kjaradóms og kjaranefndar frystar allt yfirstandandi ár þ.e. 2006, þrátt fyrir samningsbundnar hækkanir til annarra.*

*Ákvörðun löggjafans með samþykkt laga nr. 2/2006 var á skjön við meginþætti þeirrar stefnu sem bæði framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið hafa beitt sér fyrir á undanförunum árum um vandaða stjórnarsýsluhætti sem miða að því að ákvörðun stjórnvalds sé ávallt byggð á málefnalegum sjónarmiðum. Grundvallaratriðum stjórnarsýsluréttarins um jafnræði, meðalhóf og vandaða stjórnarsýsluhætti var vikið til hliðar að því er virðist til að hlaupa eftir lítt rökstuddum upphrópunum.”*

Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur höfðaði mál til að ógilda efni laga nr. 2/2006. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 19. desember 2006 var staðfest sú skoðun Dómarafélags Íslands, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og fleiri aðila að lög nr. 2/2006 stæðust ekki grundvallarreglur stjórnskipunarlaga.

Kjararáð virðist einnig hafa verið sömu skoðunar því ráðið virti ekki það bann sem lögin lögðu á ráðið um að laun forstöðumanna og fleiri skyldu vera óbreytt allt árið 2006. Í úrskurðum uppkveðnum 4. október og 19. desember 2006 ákvað kjararáð almennar launahækkanir til skjólstæðinga sinna, forstöðumanna og annarra. Verður vikið að efni þeirra úrskurða síðar í skýrslu þessari.

Önnur ástæða þess að kjaramál hafa verið fyrirferðamikil í stjórn félagsins að undanförunu er hvort ástæða sé til að aðskilja kjara- og launamál frá öðru félagsstarfi. Þau Sjöfn Sigurgísladóttir, Gísli Tryggvason, Rannveig Gunnarsdóttir, Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Guðrún Gísladóttir mynduðu starfshóp innan félagsins og höfðu þessi mál til nokkurrar athugunar í lok næstliðins starfsárs og framan af því starfsári sem nú er að ljúka. Skiluðu þau af sér tillögum, nokkuð róttækum, sem allskiptar skoðanir hafa verið um, bæði innan starfshópsins og stjórnar FFR. Í tillögum hópsins voru einkum tveir möguleikar reifaðir, annar er að stofnuð verði sjálfstæð deild innan FFR sem færi með launamál. Hinn möguleikinn er að stofnað verði nýtt félag, eins konar kjarafélags stjórnenda í almannabjónustu sem tæki kjaramálin út úr FFR.

Auk tillagna starfshópsins eru einnig aðrir möguleikar, sem sé að öll launamál verði félaginu með öllu óviðkomandi. Það er róttæk tillaga sem hefur þó heyrst

oftar nefnd á síðustu árum, einkum frá þeim hópi félagsmanna sem telja að félagið eigi engin afskipti að hafa af launa- og kjaramálum heldur verð eingöngu fagfélag.

Loks er fjórði möguleikinn að hafa núverandi fyrirkomulag óbreytt og leggja allar hugmyndir um breytingar til hliðar. Í sögulegu samhengi er rétt að rifja upp að launamál voru ekki hluti af félagsstarfi FFR í upphafi og launamál forstöðumanna voru ekki hluti af félagsstarfinu. Lögum félagsins var breytt árið 1998 og launamál tekin inn, en á þeim tíma þóttu störf kjaranefndar ekki vera ásættanleg og félagsmenn vildi freista þess í krafti FFR að breytingar fengjust á því ástandi.

Um framangreindar tillögur hefur félagsstjórn FFR ekki náð samstöðu um tiltekna niðurstöðu. Félagsstjórnin var þó sammála um að áður en lagt væri af stað í breytingaferli væri nauðsynlegt að gera könnun á launum þeirra sem taldir eru líklegir til að vera viðmiðunarhópur í kjaramálum forstöðumanna. Þar má nefna ýmsa stjórnendur sveitarfélaga, forstöðumenn sem ekki heyra undir kjararáð, stjórnendur hlutafélaga í eigu ríkisins, stjórnendur sjálfseignarstofnana og stjórnenda einkafyrirtækja. Félagsstjórn FFR, einkum þau, Snævar Guðmundsson, Björn Karlsson, Sjöfn Sigurgísladóttir og Gísli Tryggvason hafa unnið að því verkefni, hvernig að slíkri könnun skyldi standa og hafa m.a. rétt við ráðgjafa sem gæti slíkan samanburð að sér. Liggja fyrir drög að samningi um þetta mál en félagsstjórnin ákvað að ganga ekki frá því til endanlegrar afgreiðslu heldur væri rétt að ný félagsstjórn tæki við þessu máli. Þegar niðurstaða af slíkri athugun liggur er eðlilegt að hún verði kynnt kjararáði og síðan í framhaldi af því verði unnt að taka ákvörðun um hvernig félagið muni standa að málum þessum til framtíðar.

Kjararáð sem skipað var síðasta vor er skipað nýjum einstaklingum nema formaður ráðsins er Guðrún Zoega sem áður var formaður kjaranefndar. Stjórn FFR hefur á árinu haldið áfram að þrýsta á launabreytingar og aðrar ákvarðanir sem snerta kjaramál forstöðumanna.

Formaður FFR og Magnús Jónsson fyrrv. formaður gegnu á fund formanns kjararáðs hinn 15. mars 2007 og lögðu eftirfarandi aðgerðaáætlun:

**að samanburðarkjararannsóknir færu fram þar sem FFR legði til sérfræðivinnu. Laun yrðu borin saman við:**

1. Við millistjórnendur hjá hinu opinbera
2. Við stjórnendur og millistjórnendur á almenna markaðnum
3. Við stjórnendur og millistjórnendur hjá opinberum fyrirtækjum/hlutafélögum

**að sett yrði upp áætlun um að minnka vægi eininga**

- halda áfram á braut sem kjaranefnd mótaði fyrir nokkrum árum.

**að fram færi heildarendurskoðun á röðun forstöðumanna.**

Grunnurinn væri frá árinu 1999 og upphaflega frá 1995.

Skoða þarf dreifingu manna í þá launatöflu sem Kjararáð hefur byggt upp.

Setja upp nýjar viðmiðunarreglur um röðun.

Taka tillit til breytinga á stofnunum sem orðið hafa, umfang, verkefnum o.fl

Hefur kjararáð þessar tillögur FFR til athugunar.

Helstu athafnir kjararáðs hvað launamál forstöðumanna eru eftirfarandi:

Kjararáð ákvað 3,0% hækkun launa frá 1. júlí 2006, 3.6% hækkun launa frá 1. október 2006 og 2.9% hækkun launa frá 1. janúar 2007. Áður hafði kjaranefnd ákvarðað til viðbótar þessu 2,5% launahækkun frá 1. janúar 2006. Forsendur launabreytinga kjararáðs er að finna í úrskurði ráðsins frá 19. desember 2006 en þar er ráðið að fylgja eftir breytingum á launavísitölu frá desember 2005 – september 2006 sem ráðið taldi nema 9,1% á því tímabili. Launabreyting 1. janúar 2007, 2,9% er þeim launabreytingum til viðbótar í samræmi við aðrar launabreytingar í þjóðfélaginu. Kjararáð tekur fram í úrskurði sínum að ráðinu beri að taka tillit til launaskriðs sem ekki mælist í kjarasamningum og telur sig hafa gert það. Margt bendir til að það sé rétt hjá kjararáði. Launabreyting frá 31. desember 2005 til 2. janúar 2007 er því 12,55%.

Þá hefur kjararáð úrskurðað hinn 19. desember 2006 og með leiðréttingu 13. mars 2007, að frá og með 1. janúar 2007 skuli greiða 0,55% af heildarlaunum forstöðumanna í Fjölskyldu- og styrktarsjóð BHM. Ákvörðun kjararáðs er tekin í kjölfar erindis FFR sem sent var á árinu 2005 eftir viðræður sem FFR átti við Fjármálaráðuneytið og síðar við kjaranefnd þess efnis að stofnaður yrði sérstakur sjóður sambærilegur því sem BHM hefur rekið. Niðurstaða kjararáðs hvað þetta varðar er þannig fyllilega í anda sjónarmiða FFR.



Þá barst FFR tilkynning í tölvupósti hinn 27. apríl 2007 um að til stæði að endurskoða starfsreglur þær sem kjaranefnd setti á árinu 2003 um tryggingarfjárhæðir, leyfi til náms á launum, orlofsrétt o.fl.

Almennt má um samskipti við kjaranefnd og síðar kjararáð segja að viðræður hafi hin síðustu ár gengið vel þótt FFR telji að á stundum væru framfarir hægar og skref sem stigin hafa verið til hækkunar launa verið stutt og óþarflega mikil naumhyggja ríkjandi um flest. Launahækkanir komu framan af seint en á því varð þó breyting fyrir nokkrum árum þegar kjaranefnd hóf að fylgja launavísitölu opinberra starfsmanna betur. Við athugun og samanburð við launavísitölu hefur komið í ljós að meðaltalslaun forstöðumanna opinberra stofnana fylgja nú launavísitölu. Það er einnig meiri skilningur ríkjandi hjá ráðinu á því að mál þurfa að þokast áfram.

Um kjara- og lífeyrismálin almennt má segja að þetta er viðkvæmur málaflokkur og býsna skiptar skoðanir eru meðal félagsmanna um hvernig þessum málum sé best fyrir komið eins og fyrr hefur verið rakið. Allar kerfisbreytingar eru í eðli sínu varasamar og kunna að raska innra jafnvægi. Hópur félagsmanna telur að félagið eigi að einbeita sér að lífeyrismálum meðan aðrir telja að launamál beri að skipa hærri sess. Þá eru ólík sjónarmið um hvort ráðuneyti eigi að koma að ákvörðun launa að hluta eða jafnvel öllu leyti.

Málaflokkur þessi í starfi félagsins er mjög vandmeðfarinn og auðvelt að koma málum í ógöngur. Reynsla stjórnar FFR á liðnum árum hefur sýnt að við þessi verkefni ber að gæta varfærni, hafa góða þolinmæði og sýna þrautseigju.

Ef svo færi að vilji félagsmanna stæði til að gera breytingar á kjaramálum á vegum FFR myndu eðli máls samkvæmt slíkar breytingar leiða til nýrra félagslaga eða amk. breytingar á núverandi félagslögum. Það varð niðurstaða félagsstjórnar FFR á liðnu starfsári að hleypa ekki félaginu upp í deilur um þessi málefni heldur að þau fengju að þroskast áfram. Þá þarf í þessu samhengi að horfa til starfa kjararáðs og sjá hvort með þeim breytingum sem urðu á störfum ráðsins miðað við störf fyrirrennara þeirra, yrðu einhverjar marktækar breytingar.

## **VII. Fjárhagsmálefni.**

Fyrir aðalfundi liggur endurskoðaður efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðið starfsár. Rekstrartekjur félagsins eru félagsgjöld, tekjur af ráðstefnum og fjármagnstekjur.

Niðurstaða efnahagsreiknings pr. 26. apríl 2007 er að hrein eign félagsins er 2.094.384 kr. og er það allt handbært fé. Hagnaður hefur verið af rekstri öll ár frá því að félagið hóf starfsemi að nýju 1997. Með breyttri tækni í fundarboðun, breyttri innheimtu og bættri ávöxtun á fjármunum félagsins hefur þannig tekist að mynda nokkuð eigið fé. Það er skoðun félagsstjórnarinnar að það sé afar þýðingarmikið að félagið sé fjárhagslega sterkt og mikilvægt að sjóðir þess rýrni ekki. Helsti kostnaður félagsins er ýmis kostnaður tengdur fundum en engin laun eru greidd. Félagið hefur náð góðum samningum við Grand Hotel Reykjavík um fundahald. M.a. er ekki greidd salarleiga þegar fundir fara fram. Aðgangseyrir að félagsfundum sem er staðgreiddur rennur allur til hótelsins fyrir veitingar sem fundarmenn neyta en félagið greiðir annan fundakostnað svo sem leiga á tækjum í fundarsal úr félagssjóði.

Félagsgjöldum hefur um árabil verið mjög í hóf stillt. Flestir félagsmenn láta viðkomandi stofnanir greiða félagsgjöldin, enda er drjúgur hluti af starfi félagsins viðkomandi stofnunum til hagsbóta. Ríkisendurskoðun hefur ekki gert athugasemdir við það fyrirkomulag.

Forstöðumenn sem látið hafa af störfum greiða ekki félagsgjald en er heimilt að sækja alla viðburði félagsins gegn venjulegu fundagjaldi. Þá hefur sú venja skapast á undanförunum árum að kostnaður við jólahlaðborð og aðalfund er greiddur úr félagssjóði.

## **VIII. Lokaorð.**

Með þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi félagsins á liðnu ári og hvernig stjórn þess horfir til nánustu framtíðar. Starfsemi félagsins hefur verið nokkuð misjöfn frá stofnun þess 1986 og var um árabíl engin. Síðastliðinn áratug hefur starfsemi félagsins gengið vel og farið vaxandi ár hvert. Hefur félagið í síauknum mæli látið til sín taka í sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna sem stjórnenda en jafnframt beint sjónum sínum að réttinda-og kjaramálum þeirra.

Til framtíðar séð telur stjórn félagsins að leggja beri áherslu á þrennt:

- Í fyrsta lagi að unnið verði að málefnum um stjórnun stofnana og samráð geti verið milli félagsmanna um starfsmanna- og stjórnsýslumál
- Í öðru lagi að félagið geti tekið þátt í málefnalegri umræðu í samfélaginu með útgáfu fréttabréfs
- Í þriðja lagi að réttindi félagsmanna verði virt í hvívetna, þau aukin eftir því sem kostur er og stuðlað verði að bættum kjörum félagsmanna.

Félagsstjórn FFR hvetur félagsmenn til að taka þátt í starfi félagsins í því skyni að treysta félagsbönd félagsmanna, bæta stjórnsýsluna og auðvelda því þannig að ná markmiðum sínum. Stofnun félagsins á sínum tíma var rétt ákvörðun og hefur ótvírætt á ríkan þátt í því að styrkja opinbera stjórnsýslu hérlendis. Það er enginn vafi á því að félagið muni í krafti styrks síns geta sett enn meiri svip á umræðu um málefni stofnana hins opinbera eftir því sem fram líða stundir.

Félagsstjórn FFR þakkar öllum fyrirlesurum, samstarfsaðilum að fundum og ráðstefnum en síðast en ekki síst félagsmönnum FFR fyrir samstarfið í vetur.

Reykjavík 2. maí 2007.

Skúli Eggert Þórðarson  
Björn Karlsson  
Þorkell Helgason  
Gísli Tryggvason

Sjöfn Sigurgísladóttir  
Snævar Guðmundsson  
Margrét Hallgrímsdóttir  
Óli H. Þórðarson